

Grindavíkurbær,
Ármann Halldórsson,
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Víkurbraut 62
240 GRINDAVÍK

Garðabær, 18. janúar 2016
2016010024/42-0
KHS, LÁ, TB
jgo/tb

Skipulags- og matslýsing, stækkun iðnaðarsvæðis i7, Grindavík

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Grindavíkurbæ, dags. 8. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á iðnaðarsvæði i7 í Grindavíkurbæ.

Umsögn

Í erindinu kemur fram í kafla 4 um forsendur að fyrirhugað er að stækka iðnaðarsvæðið um 17,7 ha og að fyrirhuguð er uppbygging eldiskerja um 2 m frá fjörukambi. Við þessa breytingu verður farið inn á svæði á náttúruminjaskrá. Forsendur fyrir staðarvali eru sagðar vera þær að með staðsetningunni verði hægt að veita vatni á milli eldissvæða og endurnýta þannig hluta af eldisvatninu án þess að kosta miklu til við dælingu og er vísað til þess að það geri stöðina sjálfbærari. Í umfjöllun um svæði á náttúruminjaskrá er vitnað í kafla 16 í Hvítbók um náttúruvernd.

Í skipulags- og matslýsingunni kemur hvergi fram hvers vegna þurfi að stækka iðnaðarsvæðið um 17,7 ha fyrir eldisker því varla munu þau þekja svo stórt svæði. Ekki eru færð nein rök fyrir því að iðnaðarsvæðið skuli ná alla leið niður í fjöru önnur en þau sem greint er frá hér að framan. Ekki er minnst á grein 5.3.2.14. í skipulagsreglugerð, **Skipulag við vötn, ár og sjó.** en þar segir m.a. að „Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“ Varla er hægt að túlka umrætt svæði á annan hátt en að það sé utan þéttbýlis. Það verður að teljast varasamt að hafa eldisker svo nálægt sjó eins og lagt er til þó svo að það gefi kost á að hafa vatn að einhverju leiti sjálfrennandi. Ekki er víst að það eitt geri framkvæmdina í heild sjálfbærari ef hún, eins og hún er skipulögð, er að öðru leiti líklegri til að skerða náttúru svæðisins. Í framangreindri lýsingu er ekki fjallað um hvaða tegundir á að rækta í eldisstöðinni t.d. hvort um er að ræða framandi tegundir (hugsanlega ágengar) eða ekki. Fjarlægð frá strönd getur því skipt máli ef óhöpp eiga sér stað.

Í fjórða kafla lýsingarinnar er vísað í Hvítbók um náttúruvernd en Hvítbókin var unnin sem undirbúningur fyrir breytingar á lögum um náttúruvernd. Í 16. kafla Hvítbókarinnar er sértaklega fjallað um þáverandi stöðu mála hvað varðar náttúruminjaskrá m.a.ýmsa annmarka á málsmeðferð eða hvað betur mætti fara m.t.t. laga nr. 44/1999. Þó svæði á náttúruminjaskrá



njóti ekki sömu verndar og friðlýst svæði þá verður að gera ráð fyrir því að sveitarfélög vilji sýna ábyrgð í umhverfis- og náttúruverndarmálum sem og skipulagsmálum og ganga ekki að óþörfu á svæði á náttúruminjaskrá. Í skipulags- og matslýsingunni er ekki fjallað um ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 s.s. hvað varðar náttúruminjaskrá eða 57. grein laganna.

Stækkun iðnaðarsvæðisins fer yfir dyngjuhraun runnið á nútíma og fellur því undir 57. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Á svæðinu eru virkar gliðnunasprungur og misgengi sem m.a. mynda vatnsfylltar gjár og eru nefndar sem náttúrufyrirbæri í náttúruminjaskránni. Svæðið er á virku sprungusvæði og þarf að taka tillit til þess í skipulagi.

Á svæðinu, þ.e. í fjörunni og sjónum, er mikið af fuglum á veturna, mikið af öndum (m.a. rauðhöfðaönd, urtönd, stokkönd og straumönd) og vaðfuglum (sendlingum, stelk og tildru) og er þetta aðalsvæði þessara vaðfugla á sunnanverðum Reykjanesskaga.

Auk þess sem bent er á hér að framan þ.e. lífríki og jarðmyndanir virðist skipulagstillagan ekki samrýmast almennri stefnu náttúruverndarlaga og þrengja að almannarétti með ströndum fram eins og gert er með því að skipuleggja starfsemi og mannvirki alla leið til sjávar.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi mun betur grein fyrir forsendum fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar í umhverfismati og endanlegri skipulagstillögu en skipulags- og matslýsingin gefur til kynna. Undir þetta fellur að gera grein fyrir náttúrufari og verndargildi svæðisins í samræmi við núgildandi lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og hvaða ríku hagsmunir það eru sem koma í veg fyrir að svæði á náttúruminjaskrá fái að halda sér. Náttúrufræðistofnun telur að aðlaga eigi iðnaðarsvæðið að náttúru svæðisins en ekki fyrirfram gefa sér þær forsendur að nauðsynlegt sé að gera allt svæðið, allt til sjávar, að iðnaðarsvæði og þar með opna á röskun á svæði á náttúruminjaskrá. Gera þarf grein fyrir almannarétti og fjalla um framangreint skipulag í ljósi greinar 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð um skipulag við vötn, ár og sjó.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Skipulagsstofnun

